

22. gr.

38

Reglur um útlánastarfsemi loðdýralánadeildarinnar setur landbúnaðarráðherra með reglugerð. 13. júní

III. KAFLI
Almenn ákvæði.

23. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 20—5000 kr., er renna í hlutaðeigandi sýslu- eða bæjarsjóð, þar sem brotið er framið.

24. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn 2. kafli laga nr. 108 11. ágúst 1933, um refaveiðar og loðdýrarækt, og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

39

um skipting fasteignaveðslána.

13. júní

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Þegar skipta á jörð í tvö eða fleiri sjálfstæð býli milli eigenda, eða byggja á nýbýli úr landi jarðar, skal, ef óskað er, meta hvernig heildar-fasteignarmatsverð fasteignarinnar skiptist á hin einstöku býli.

2. gr.

Við matsgerð þessa skal ekki meta þau mannvirki, er unnin hafa verið á jörðinni eftir að mats var óskað.

39
13. júní

3. gr.

Mat það, sem um ræðir í 1. og 2. gr., skal framkvæmt af úttektarmönnum hlutaðeigandi hrepps. Matskostnað greiða eigendur í hlutfalli við verðmæti hvers býlis, eftir því sem metið er, og skal um matskostnað farið eftir lögum nr. 64 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur.

4. gr.

Nú hefir mat farið fram samkvæmt fyrirætlum 1.—3. gr., og er þá peningastofnunum skylt, sé þess óskað af eigendum býlanna, að skipta fasteignaveðslánum, er á fasteigninni hvíla, hlutfallslega jafnt á hin einstöku býli, eftir verðmæti þeirra, samkvæmt mati því, er að ofan getur, enda skal, að dómi hlutaðeigandi lánsstofnunar, trygging fyrir fasteignaveðslánum þessum ekki lakari en áður, og veðhæfi eignarinnar og veðréttur í engu lakari en áður en skipti fóru fram.

5. gr.

Kostnað þann, er leiðir af skiptingu lánanna, svo sem þinglestur, greiða lán-takendur, en engin afföll skal þeim reikna af hinum nýju lánnum.

6. gr.

Ákvæði laga, er koma í bága við lög þessi, eru úr gildi felld.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

40
13. júní

L Ö G

um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Heimilt er að verja allt að 50000 krónum af fé því, er ríkið leggur árlega til byggingar- og landnámssjóðs, sem óafturkræfu framlagi til endurbygginga eða endurbóta á íbúðarhúsum á jörðum í sveit, enda séu þær í sjálfsábúð, eða heimilt að byggja þær í erfðaábúð samkvæmt lögum um erfðaábúð og óðalsrétt.